

# Fundargerð Öryggisráðs AKÍS

Fundur haldinn 10. nóvember 2021 kl. 19.30 á Zoom.

**Mætt;** Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir, Aðalsteinn Símonarson, Ari Halldór Hjaltason, Elsa Kristín Sigurðardóttir og Erla Sigurðardóttir.

**Fjarverandi;** Jón Bjarni Jónsson.

**Gestur;** Helga Katrín Stefánsdóttir formaður AKÍS.

---

## 1. Skýrslur frá öryggisfulltrúum

Hefur AKÍS verið beðið um að Skýrsla öryggisfulltrúa veði gerð að skilyrði í reglum. HKS staðfestir að beiðnin hafi borist frá ráðinu og verði væntanlega bætt inn í Reglugerð um keppnishald.

## 2. Persónulegur öryggisbúnaður

Torfæran hefur bætt í reglur að ekki megi klæðast neinum öðrum fatnaði en viðurkenndum af FIA. Í rallycrossi er til skoðunar að setja í reglur að klæðast eigi viðurkenndum innanundirfatnaði.

HKS upplýsir að FIA hafi gert nokkur myndbönd með áherslu á persónulegan öryggisbúnað. Ákveðið að hvetja stjórn AKÍS til að setja í gang áróðursherferð seint í vetur um gildi og notkun persónulegs öryggisbúnaðar.

## 3. Áhættumat og öryggisáætlun

Ákveðið að vinna út frá „Gátlista fyrir öryggisfulltrúa“ sem útbúinn var í fyrra, AHH tekur að sér að halda utanum verkefnið og kalla aðra meðlimi ráðsins til.

Á að gera kröfur um að keppnishaldarar útbúi einhver formleg gögn varðandi öryggismál? Ákveðið Möguleiki að beina því til stjórnar að gátlistinn verði nýttur og öryggisfulltrúi ásamt keppnistjóra kvitti uppá að farið hafi verið yfir öll atriði á honum.

## 4. Skýrsla Öryggisráðs

Verður flutt á formannafundi 20. nóv. AS mun senda drög skýrslunnar á meðlimi ráðsins á næstu dögum til yfirlstrar.

## 5. Önnur mál

- Regnfatnaður – Ekkert hefur fundist sem er vottað nema jakkar. HKS mun senda fyrirspurn til FIA hvort eitthvað sé væntanlegt af slíkum varningi.
- Er rétt að gera kröfu um að menntað fólk í sjúkraviðbrögðum sé á öllum keppnum, líka brautasvæðunum sem eru nálægt útkallsaðilum ? HKS hyggst taka málið upp á formannafundi og leggur e.t.v. fram tillögu um að sett verði í reglur. Öryggisráðið samþykkir að beina því til stjórnar AKÍS að setja í reglur lámarks viðveru menntaðs sjúkraviðbragðsaðila á öllum keppnum.
- Tímasetning funda – Aðeins skiptar skoðanir. Ákveðið að næstu fundir verði kl. 20.

Næsti tímasetti fundur 9. febrúar 2022 kl. 20 á Zoom.

Fundi slitið kl. 20.55

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson